

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs.

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs, er taki gildi 1. nóvember nk.

Gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs, nr. 254, 24. mars 2003:

3. gr. breytist og orðist svo:

Lágmarksrennsli fyrir hvern notendahóp:

Einbýlishús 3 l/mín.

Sumarhús 2,5 l/mín.

Iðnaðarhúsnæði 2,5 l/mín.

Lögbýli 4 l/mín. en hafa kauprétt á allt að 15 l/mín.

4. gr. breytist og orðist svo:

Hver lítri á mínútu kostar kr. 17.880 á ári, án fastagjalds og virðisaukaskatts.

Notendur sem kaupa 4 l/mín., eða minna greiða einnig fastagjald kr. 8.028 á ári, auk virðisaukaskatts.

5. gr. breytist og orðist svo:

Fyrirtæki sem samið hafa um kaup á heitu vatni samkvæmt rennismæli greiða kr. 58,07 fyrir rúmmetra vatns auk virðisaukaskatts, en greiða þó að lágmarki samkvæmt samningi um fastan lítrafjölda.

Iðnaðarráðuneytinu, 5. október 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.